

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 6-2020

Staður: Hvanneyri

Tími: föstudaginn 12. júní 2020, kl. 11:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Halldór Þorgeirsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Þórey Gylfadóttir og Ástrós Eggertsdóttir.

Dagskrá

1. Árangursmat á störfum háskólaráðs sbr. 10. gr. starfsreglna háskólaráðs Lbhí

Fyrir lok hvers starfsárs skal háskólaráð taka saman greinargerð um störf sín á undangengnu starfsári sbr. 10. gr. starfsreglna ráðsins. Halldór Þorgeirsson bauð sig fram sem ritstjóra og Bjarni Diðrik bauðst til að vera aðstoðarritstjóri. Ragnheiður mun gera mynd með tímalínu sem sýnir störf ráðsins.

Þetta verður stutt skýrsla sem gagnast næsta háskólaráði þegar það tekur við, en sem jafnframt verður gerð opinber.

Umræður fóru fram um hvað hefur gengið vel hjá ráðinu og hvað betur mætti fara og um upplegg skýrslunnar.

2. Skipun starfshóps vegna arfs Magnúsar Óskarssonar

Rektor kynnti tillögu Ræktunar og fæðudeildar að starfshópi sjóðsins og háskólaráð lagði til eftirfarandi lista. Þetta er gert með þeim fyrirvara að viðkomandi gefi kost á sér til starfans.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (sem verður formaður)
Edda Þorvaldsdóttir,
Þóroddur Sveinsson,
Theodóra Ragnarsdóttir,
Haraldur Benediktsson,
Guðni Ágústsson,
Eiríkur Loftsson,
Magnús B. Jónsson.

Starfshópurinn kemur væntanlega saman í haust og mun í framhaldinu halda fund með öllum starfsmönnum háskólans.

Við þetta tilefni bókaði háskólaráð að það væri mikilvægt að þau innviðaverkefni sem ráðist verður í með stuðningi sjóðsins verði trú anda Magnúsar og til þess fallin að halda nafni hans á lofti til framtíðar.



Ef möguleiki er til að sjóðurinn nýtist sem mótframlag í innviðaupbyggingu þar sem aðrir aðilar, svo sem ríki, sveitarfélög eða fyrirtæki, koma að, þá yrðu áhrif gjafarinnar því mun meiri. Það verður þó að gera þannig að nafni Magnúsar sé haldið á lofti.

3. Þakkir til háskólaráðs

Rektor þakkaði öðrum fulltrúum háskólaráðs fyrir frábær störf á undanfögnu tímabili og voru þeir leystir út með þakklætisvotti frá skólanum.

4. Önnur mál

4.1 Nýting íslenskrar orku til sjálfbærrar matvælaframleiðslu

Unnið er að samningi milli Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landsvirkjunar og Lbhí sem kynntur hefur verið atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, um samstarfsverkefni sem varðar nýtingu sjálfbærrar orku til matvælaframleiðslu og sem færi fram á árunum 2020-2024. Verkefnið verður sjálfstætt setur, en ekki deild hjá neinum stofnaðila. Hver aðili mun leggja fram árlegt stofnfé og fyrir það verða ráðnir tveir starfsmenn og vinnu setursins komið af stað:

- i) Annar með reynslu og getu til að sækja um styrkfé innanlands og erlendis
- ii) Hinn með reynslu og getu til að vinna að markaðsmálum; í samstarfi við sprota, bændur, fyrirtæki, o.s.frv.

Markmiðið er að draga inn styrki í ný verkefni og við lok verkefnistímans verði setrið sjálfbært.

4.2 Starfshópurinn um stöðu starfsmenntanámsins

Lítið hefur frést af vinnu starfshópsins síðan fyrir páska. Fundur er þó boðaður í honum næstkomandi þriðjudag. Mjög mikilvægt er að botn fari að komast í vinnu hans.

